



Frá fulltrúaráðsfundi Heimilis og skóla.



Fyrirlesarar, sérfræðingar og velferðarráðgjafar á Foreldradegi Heimilis og skóla.

## Foreldradagurinn 2011 - málþing um foreldrafærni og fulltrúaráðsfundur

Foreldradagurinn 2011, málþing Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra, var haldinn í Háskólanum í Reykjavík 18. nóvember síðastliðinn. Málþingið var ætlað foreldrum og var markmiðið að veita hagnýtar upplýsingar um uppeldisaðferðir og hvetja til umræðu um foreldrafærni og ígrunda foreldrahlutverkið. Dagskráin Foreldradagsins hófst hins vegar með fulltrúaráðsfundi Heimilis og skóla þar sem fulltrúar úr foreldrafélögum allra skólastiga víðs vegar af landinu komu saman til að fjalla um foreldrastarf í skólum landsins og miðla hugmyndum um hvernig best megi sinna því mikilvæga verkefni. Von er á samantekt og niðurstöðum. Málþing Heimilis og skóla hófst síðan rétt fyrir hádegi með setningarræðu Guðbjarts Hannessonar, velferðarráðgjafa. Á málþinginu fluttu landsþekktir sérfræðingar á sviði uppeldismála erindi (sjá dagskrá hér) og að þeim loknum hófst „sófaspjall“ þar sem rætt var við uppeldisfrömuði með fyrirspurnum úr sal. Eftir kaffihlé gátu þátttakendur valið úr fjölbreyttum vinnustofum þar sem tekin voru fyrir mismunandi málefni barna og unglunga. Meðan á málþinginu stóð var boðið upp á markaðstorg þjónustuaðila sem vakti mikla lukku og tókst dagurinn á heildina lítið afar vel og var gerður góður rómur að. Við þökkum öllum sem mættu og öllum sem lögðu hönd á plóginn.



Frá afhendingu Rusleyjunnar og frumsýningu Heimkomunnar í Háteigsskóla.

F.v.: Hrefna Sigurjónsdóttir, frkv.stjóri Heimilis og skóla, Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla, Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðgjafi, Þórarinn Leifsson, rit höfundur, Rannveig Þorkelsdóttir, leiklistarkennari og handritshöfundur og Sigmar Alexandersson, Grænni framtíð.

## Rusleyjan afhent og Heimkoman frumsýnd

SAFT lestrarbókin Rusleyjan, eftir Þórarinn Leifsson, var afhent mennta- og menningarmálaráðgjafi, Katrínu Jakobsdóttur, í Háteigsskóla 28. nóvember síðastliðinn og var spunaleikritið Heimkoman eftir Rannveigu Þorkelsdóttur, sem unnið var samhliða bókinni, frumsýnt í kjölfarið.

Bókin er ætluð miðstigi grunnskóla og mun SAFT dreifa henni til allra skóla landsins á næstunni. Bókin fjallar um ábyrgð og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla, rafrænt einelti og mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Henni fylgja handrit og framkvæmdarlýsing að jafningjafræðslu og spunaleikverkinu Heimkoman. Leikritið er ætlað til uppsetningar af leiklistarhópum skóla og er spuninn kjörið tæki til að taka á þeim álitamálum sem bókin fjallar um og hentar einnig ver til að þjálfa börn í tjáningu og að takast á við lausn eineltismála. Öllu efni verður dreift án endurgjalds.

Ungmennaráð SAFT mun síðan ferðast um landið í tengslum við verkefnið og vera með jafningjafræðslu samhliða uppsetningu leikritsins Heimkoman. Þá geta skólar, nemendur og skólafélög safnað biluðum og gömlum smáraftækjum í fjáröflunarskyni en Græn framtíð mun greiða fyrir þann búnað sem safnast en hann verður endurnýttur. Þeir skólar sem hafa áhuga á fræðslu geta haft samband með því að senda tölvupóst á [saft@saft.is](mailto:saft@saft.is).

## Áhugaverðir tenglar

Við mælum með að foreldrar skoði vel Nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Einnig er vert að kynna sér nýjar aðalnámskrár fyrir öll skólastig. Meira efni er svo að finna á fésbókarsíðu Heimilis og skóla sem og heimasíðu.

## Námskeið hjá Endurmenntun

Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt námskeið og er hægt að fá þar gjafabréf sem geta verið tilvalin jólagjöf fyrir. Auk þess eru ýmiss konar hagnýt námskeið send út í fjarfundi. Með þessu er ætlunin að auka framboð til íbúa á landsbyggðinni og auka gæði námskeiða í fjarfundi. Meira á vef Endurmenntunar.

## Hátíðarkveðja

Heimili og skóli - landssamtöke foreldra og SAFT senda félagsmönnum, foreldrum og öðrum velunnurum innilega jólakevju með ósk um gleðilega hátíð og góðar samverustundir. Við þökkum stuðninginn á liðnum árum og vonumst til að eiga gæfuríkt samstarf í framtíðinni.

